


Kynning fyrir:

# Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar

8. maí 2025

RÍKISENDURSKOÐUN

# Forsendur

- Úttekt á innleiðingu og framkvæmd sveitarfélaga **á lögum nr. 38/2018**, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
- Að beiðni **félagsmálaráðuneytis** í apríl 2021
- Beiðnin var sett fram vegna vinnu starfshóps á vegum ráðuneytisins um **heildarendurskoðun laganna**



# Umfjöllunarefni

| Innleiðing og framkvæmd | Yfirstjórn og eftirlit | Markmið |
| --- | --- | --- |
| • Hvernig hefur innleiðingu og framkvæmd sveitarfélaga verið háttað?<br>• Hafa verið brestir í innleiðingu laganna?<br>• Hafa verið brestir í framkvæmd sveitarfélaganna, þ.m.t. á leiðbeiningarskyldu þeirra? | • Hvernig hefur félags- og barnamálaráðherra sinnt yfirstjórnar- og eftirlitshlutverki sínu? | • Hefur markmiðum laganna verið náð? |

# Tillögur til úrbóta

1. Bæta þarf leiðbeiningar- og kynningarferli
2. Skýra þarf fjármögnun NPA samninga
3. Uppfæra þarf reglur og kynningarefni fyrir notendur þjónustunnar
4. Styrkja þarf ytra og innra eftirlit

# 1. Bæta þarf leiðbeiningar- og kynningarferli

- Við laga- og reglugerðarbreytingar þarf að **gæta þess að leiðbeiningarefni** ráðuneytis og sveitarfélaga **sé tilbúið samhliða** gildistöku á nýjum kröfum eða að vel skilgreind útgáfuáætlun þar um liggi fyrir
- Mikilvægt er að við gildistöku laga nr. 88/2021 og tilheyrandi breytingar á lögum nr. 38/2018 **verði ekki endurtekin óvissa** um stöðu leiðbeiningarefnis og áforma um þróun þess og ábyrgð

# 1. Bæta þarf leiðbeiningar- og kynningarferli

- Þegar gerðar eru **breytingar á kröfum og viðmiðum** í málaflokknum, sem leiða m.a. af lagabreytingum, reglugerðum og leiðbeiningarefni, þarf að **kynna slíkar breytingar ítarlega**
- Sníða þarf kynningarferli í málaflokknum þannig að **væntingum og þörfum** sveitarfélaga sé mætt. Það á ekki síst við um stærri og leiðandi sveitarfélög

# 1. Bæta þarf leiðbeiningar- og kynningarferli

- Engir sérstakir kynningarferlar umfram hefðbundið samráðsferli eru fyrir hendi vegna breytinga á lögum og reglugerðum varðandi málefni fatlaðs fólks
- Ekkert tryggir að tilhlýðilegt leiðbeiningarefni liggi fyrir samhliða gildistöku breytinga á lagaramma málaflokksins


RÍKISENDURSKOÐUN

Þjónusta við fatlað fólk skv. lögum nr. 38/2018

Eftirfylgni

Febrúar 2025

# 1. Bæta þarf leiðbeiningar- og kynningarferli

- Nýleg dæmi um veigamiklar lagabreytingar bera þó með sér raunhæfari viðmið um innleiðingartíma og vilja til að forðast óvissu um fjármögnun
  - ✓ Sbr. farsældarlögin en innleiðing þeirra eru nú til skoðunar af hálfu Ríkisendurskoðunar


RÍKISENDURSKOÐUN

Þjónusta við fatlað fólk skv. lögum nr. 38/2018

Eftirfylgni

Febrúar 2025

# 2. Skýra þarf fjármögnun NPA samninga

- **Skýra þarf fyrirkomulag fjármögnunar** NPA samninga þannig að ákvæði laganna verði uppfyllt og að NPA samningar **verði ekki háðir fyrirvörum vegna óvissu um fjármögnun**
- Þá þarf afgreiðsluferli félagsmálaráðuneytis að vera **gagnsætt og skilvirkt** og sveitarfélög upplýst um afstöðu til samninga hverju sinni

# 2. Skýra þarf fjármögnun NPA samninga

- Brýnt að ljúka endurskoðun á lögum og reglum sem lúta að notendastýrðri persónulegri aðstoð
- Viðvarandi ágreiningur milli ríkis og sveitarfélaga sem verður að leiða til lykta
- Fjöldi samninga ekki í samræmi við markmið stjórnvalda
- Viðleitni til að bæta afgreiðsluferil samninga


RÍKISENDURSKOÐUN

Þjónusta við fatlað fólk skv. lögum nr. 38/2018

Eftirfylgni

Febrúar 2025

# 2. Skýra þarf fjármögnun NPA samninga

- Samkomulag ríkis og sveitarfélaga í desember 2023
  - ✓ Þjónusta við fatlað fólk 1,69% útsvarshlutfalls
  - ✓ 0,25% til viðkomandi sveitarfélags
  - ✓ 1,44% í Jöfnunarsjóð
  - ✓ 0,235% af skatttekjum ríkisins veitt til Jöfnunarsjóðs til jöfnunar þjónustu þeirra við fatlað fólk
- 25% kostnaðarhlutdeild í 172 NPA samningum flutt varanlega til Jöfnunarsjóðs frá og með 2025
- Ekki sátt milli aðila


RÍKISENDURSKOÐUN

Þjónusta við fatlað fólk skv. lögum nr. 38/2018

Eftirfylgni

Febrúar 2025

# 2. Skýra þarf fjármögnun NPA samninga




Hlutur Jöfnunarsjóðs var 1,1 ma.kr. árið 2024 á móti 3,3 frá sveitarfélögum

Skv. lögum nr. 38/2018 áttu samningarnir að vera orðnir 145 árið 2023.

Mat NPA miðstöðvar að þeir verði ekki orðnir 172 fyrr en 2040

# 2. Skýra þarf fjármögnun NPA samninga



# 3. Uppfæra þarf reglur og kynningarefni fyrir notendur þjónustunnar

- Æskilegt er að sveitarfélög **hraði uppfærslu** á eigin reglum til að **eyða óvissu** og renna **styrkari stoðum** undir þjónustuna og markmið laga nr. 38/2018

- Mörg sveitarfélög og/eða þjónustusvæði ættu jafnframt að **endurskoða efni á vefsíðum sínum** og gæta þess að framsetning viðkomandi efnis taki mið af **þörfum þeirra** sem nýta sér þjónustuna

# 3. Uppfæra þarf reglur og kynningarefni fyrir notendur þjónustunnar

- Uppfærsla á reglum og leiðbeiningum hjá einstökum sveitarfélögum ekki fylgt eftir
  - ✓ Hvatning og aðstoð frá SÍS
- Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti **vinnur að** bættu aðgengi
  - ✓ Landsáætlun um innleiðingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks
  - ✓ Upplýsingar um réttindi, þjónustuleiðir, umsóknir og almenn ráðgjöf á vefnum island.is



# 4. Styrkja þarf ytra og innra eftirlit

- Ytra **eftirlit þarf að vera virkara og tíðni úttekta að aukast**, með sérstaka áherslu á **virkni kerfa** þjónustuveitenda, frekar en að fást nær eingöngu við einstaka ábendingar

- **Nýta þarf lagaheimild um frumkvæðiseftirlit með virkari hætti** til að kanna kerfisbundið virkni stjórnunarkerfa þeirra sem þjónustuna veita, þ.m.t reglur, verklagsreglur og innra eftirlit

# 4. Styrkja þarf ytra og innra eftirlit

- Leggja þarf **aukna áherslu á innra eftirlit** þjónustuveitenda og skilja betur á milli áherslna í ytra og innra eftirliti
- Gefa þarf út **leiðbeiningarefni um skipulag og framkvæmd innra eftirlits** hvað varðar eftirfylgni með kröfum og gæðaviðmiðum

# 4. Styrkja þarf ytra og innra eftirlit

- Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (2022)
  - ✓ Styrkir forsendur bæði innra og ytra eftirlits
- Langt í land að tilhögun og forsendur séu viðunandi
- Ráðherra hefur ekki nýtt heimild til að setja reglu-gerð um innra eftirlit þeirra sem veita þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018
  - ✓ Sveitarfélögin almennt veikburða, bæði sem framkvæmdaraðili og eftirlitsaðili
- Tilhögun og framkvæmd eftirlits af hálfu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála enn í mótun
  - ✓ Gæðaviðmið ekki fyrir hendi



# Samantekið

*„Þótt að einhverju leyti hafi verið komið til móts við [tillögur Ríkisendurskoðunar] eru margir þeirra annmarka sem bent var á enn fyrir hendi. Mikilvægt er að ráðuneyti félags- og vinnumarkaðsmála haldi áfram vinnu við að koma til leiðar nauðsynlegum úrbótum."*

- Verður ekki fylgt frekar eftir að sinni
- Rík ástæða af hálfu Ríkisendurskoðunar til að fylgjast með verkefnum sem eru flutt milli stjórnsýslustiga
  - ✓ Árangur og nýting ríkisfjár

# Takk fyrir